

EFTIRLITSSKÝRSLA

Benchmark Genetics Iceland hf. Kollafjörður, 162 Reykjavík



Dags eftirlits	21.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Benchmark Genetics Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Bæjarhraun 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6203911079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Eiríkur Andri Gunnarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Ella Kristín Geirsdóttir og Julia Morozova	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Framleiðsla ársins 2023 var rúmlega 21 tonn sem er umfram þau 20 tonn sem heimilt er skv. starfsleyfi að framleiða í stöðinni. 2) Fullnægjandi grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað.

Þrjár ábendingar voru gerðar: 1) Taka skal sýni úr öllu frárennslisvatni stöðvarinnar og meta eða mæla heildar rennsli frárennslisins. 2) Uppfæra þarf vöktunaráætlun rekstraraðila. 3) Fara þarf yfir hvaða öryggisblöð er tilefni til að hafa aðgengileg í efnageymslu.

Fjögur frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram: 1) Losun á fosfór árið 2021 var umfram heimild í starfsleyfi. 2) Losun fosfórs í viðtaka árið 2022 var yfir þeim mörkum sem sett eru í starfsleyfi. 3) Framleiðsla árið 2022 var yfir leyfilegu hámarki skv. starfsleyfi. 4) Talsvert af villtum fugli sækir í útrás stöðvarinnar.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. í Kollafirði.

Benchmark Kollafirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 18. ágúst 2037. Starfsleyfið heimilar framleiðslu á 20 tonnum af laxfiskum á ári og má hámarks lífmassi á hverjum tíma ekki vera yfir 20 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti

Úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir að hreinsibúnaður á frárennsli í einu eldishúsanna yrði virkjaður og með því næðist að hreinsa 25-41% af heildarfrárennsli stöðvarinnar. Hreinsibúnaður hefur enn ekki verið virkjaður.

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila átti að taka nýtt sónartæki í notkun snemma á árinu 2024. Með tilkomu sónartækisins verður hægt að velja hrygnur til áframeldis og farga hængum fyrr en nú er gert. Sónartækið hefur ekki verið tekið í notkun. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er þrátt fyrir það reiknað með að framleiðsla ársins verði innan heimilaðra marka. Útrásin sem fugl sótti í, í eftirliti ársins 2023 hefur verið aflögð og frárennslið fer nú í sama skurð og affall úr fyrstu settjörn stöðvarinnar. Í eftirlitinu nú sáust ekki merki um að fugl sækti í þá útrás.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað 30. apríl 2024. Fosfórlosun var skv. útreikningum út frá fóðurmagni, 10,9 kg/tonn af lífmassaaukningu. Hins vegar var fosfórlosun einnig reiknuð út frá

styrk fosfórs í frárennslisvatni og eru niðurstöður þeirra útreikninga að fosfórlosunin hafi verið undir 7 kg/tonn af lífmassaaukningu sem eru heimiluð mörk skv. starfsleyfi. Ekki er skráð frávik vegna fosfórlosunar ársins 2023 en rekstraraðila er bent á að tryggja að mælingar séu gerðar á öllu frárennslisvatni stöðvarinnar og að heildar rennsli sé metið eða mælt. Framleiðsla ársins 2023 var rúmlega 21 tonn sem er frávik frá starfsleyfi. Niturlosun árið 2023 var innan þeirra marka sem tilgreind eru í starfsleyfi. Fullnægjandi grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áættumatið og það uppfært. Litlar breytingar urðu á áhættumatinu frá fyrra ári og þær breyta ekki niðurstöðum þess.

4. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti

Þær áætlanir sem skulu vera til staðar skv. starfsleyfi, voru aðgengilegar. Rekstraraðila er bent á að gildistíma vantar á vöktunaráætlun og hana þarf einnig að uppfæra m.t.t. stjórnar vatnamála. Aðrar áætlanir eru nýlega uppfærðar.

Starfstöðvar Benchmark Genetics Iceland hf. eru vottaðar skv. ISO 9001 og ISO 14001 og gildir vottunin til 8. júní 2025.

5. Önnur mál

Hrogn voru tekin inn í stöðina í október/nóvember 2023 og verða þau flutt úr stöðinni um 22. júlí nk. Strax í kjölfarið er gert ráð fyrir að tekin verði inn ný hrogn sem alin verða í stöðinni fram yfir áramótin 2024/2025. Þessi áætlun gerir ráð fyrir að framleiðsla ársins verði í samræmi við starfsleyfi, þ.e. undir 20 tonnum.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Ný girðing hefur verið sett upp á hluta lóðamarka. Aðrir hlutar lóðarinnar eru ekki afgirtir en þar hindra skurðir og tjarnir aðkomu óviðkomandi og telst girðingin því fullnægjandi sem viðbragð við ábendingu sem kom fram í eftirliti árið 2022 og minnst var á í eftirliti árið 2023.

Efnageymsla var skoðuð sem og öryggisblöð. Engar athugasemdir eru gerðar við geymslu efna en rekstraraðila er bent á að fara yfir þau öryggisblöð sem eru geymd í efnageymslunni og fjarlægja þau blöð sem tilheyrta efnum sem eru ekki lengur notuð.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 1.2 í starfsleyfi	Framleiðsla ársins 2023 var rúmlega 21 tonn sem er umfram heimild skv. starfsleyfi.
Gr. 4.5 í starfsleyfi	Fullnægjandi umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.


ÁBENDINGAR

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu: 1) Taka skal sýni úr öllum straumum frárennslis stöðvarinnar og meta, eða mæla, heildar rennsli í þeim. 2) Uppfæra þarf vöktunaráætlun rekstraraðila. Gildistíma þarf að tilgreina og einnig þarf að uppfæra hana m.t.t. stjórnar vatnamála. 3) Fara þarf yfir þau öryggisblöð sem eru aðgengileg í efnageymslu og fjarlægja þau sem tilheyra efnum sem eru ekki lengur notuð í stöðinni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.08.2024


Freyr Ávarsson

